

Ár 2016, miðvikudaginn 14. september, er haldinn fundur í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnunum Sigurði I. Halldórssyni, Gunnari Guðmundssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 1/2016:

Knattspyrnudeild Hattar
gegn
Knattspyrnudeild U.M.F.N.

Gögn málsins merkt nr. 1- 5 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Hattar, kt. 420786-1159.
Skógarlöndum / Hettunni v/Vilhjálmsvöll,
700 Egilsstöðum.
Fyrirsvarsmaður: Árni Ólason formaður, kt. 231062-4919.

Kærði:

Knattspyrnudeild U.M.F.N., kt. 710192-2359.
Afreksbraut 10,
260 Reykjanesbæ.
Fyrirsvarsmaður: Haraldur Helgason formaður, kt. 140469-2979.

Mál þetta er móttekið af skrifstofu KSÍ 13. maí sl. Ákveðið var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 24. maí sl. Greinargerð kærða er dagsett 24. maí sl. Þann 22. júní sl. bárust viðbótargögnum frá kærða. Þann 4. júlí sl., var kæranda gefinn kostur á viðbótargreinargerð vegna framkominna gagna frá kærða og bárust athugasemdir kæranda þann 6. júlí sl. Þá bárust frekari athugasemdir kærða sama dag.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslit leiks Hattar og Njarðvíkur sem fram fór í 2. deild í Íslandsmóti karla á Fellavelli laugardaginn 7. maí 2016 verði dæmd 3-0 Hetti í vil.

Kærði krefst þess að málinu verði vísað frá og að úrslit leiksins standi þ.e. 0-1 Njarðvík í vil.

III.

Málsatvik:

Kærandi lýsir málavöxtum svo: „*Í apríl sl. æfði knattspyrnumaðurinn Harrison Hanley með Hetti á Egilsstöðum. Kom hann til Hattar þann 5. apríl sl. og æfði með félagini í um vikutíma. Kom til tals hvort hann myndi ganga til liðs við Hött og spila með þeim í 2. deild sumarið 2016. Af hálfu félagsins var áhugi til staðar, en í ljósi þess að hann er bandarískur ríkisborgari og ekki með evrópskt vegabréf var ákveðið að leggja ekki í þann langa feril, enda ljóst að leikmaðurinn yrði ekki gjaldgengur til leiks fyrr en eftir 3-4 umferðir í deildinni. Þekkjá Hattarmenn þann feril mæta vel að sækja um atvinnuleyfi sem er forsenda keppnisleyfis, enda með two leikmenn í meistaraflokki félagsins frá Norður-Ameríku (Kanada og USA).*

Þann 12. apríl hafði leikmaðurinn samband við þjálfara Hattar og tilkynnti honum að hann væri kominn til Reykjavíkur og spurði hvort þjálfarinn gæti aðstoðað hann við að komast á æfingar hjá liðum í Reykjavík. Var það gert og honum komið í samband við kunningja þjálfarans sem aðstoðuðu Harrison við að finna sér félag. Fór svo að leikmaðurinn hóf æfingar með Njarðvík, sem þótti góð lending af Hattar hálfa, þar sem ljóst væri að hann myndi þá ekki spila við Hött nema einu sinni í sumar, vegna þess að liðin áttu að hittast í 1. umferð Íslandsmótsins í 2. deild karla.

Skömmu eftir að hann kom til Njarðvíkur fékk hann útgefið keppnisleyfi, sbr. framlagða útprentun af vef KSÍ, þar sem kemur fram að 23. apríl sl. hafi leikmaðurinn fengið leikheimild. Þann 7. maí sl. öttu lið Njarðvíkur og Hattar kappi og spilaði umræddur leikmaður allan leikinn. Kom það Hattarmönnum í opna skjöldu að hann skyldi hafa verið komin með öll tilskilin leyfi. Á leikdegi var rætt við leikmanninn og viðurkenndi hann að það hefði komið þeim öllum á óvart að hann hefði fengið leikheimild jafn skjótt og raunin varð, enda vissu þeir sem er, að til að fá leikheimild eiga menn að hafa atvinnuleyfi. Jafnframt upplýsti leikmaðurinn að hann væri ekki kominn með atvinnuleyfi.

Ákveðið var að kanna þetta í vikunni og fékkst staðfest hjá starfsmanni KSÍ að umrætt keppnisleyfi hefði verið gefið út, án þess að tilskilið atvinnuleyfi væru til staðar. Jafnframt upplýsti starfsmaðurinn að málið yrði skoðað hjá KSÍ. Enn er leikmaðurinn með keppnisleyfi þegar þetta er ritað, en var þó ekki notaður í bikarleik Njarðvíkur nú í vikunni.“

Um málavextir segir m.a. í greinargerð kærða:“ *Þann 13. apríl sl. fékk Guðmundur Steinarsson þjálfari meistaraflokks Njarðvíkur símtal frá Þór Hinrikssyni knattspyrnupjálfara í Reykjavík þar sem Þór vildi kanna hvort Knattspyrnudeild Njarðvíkur hefði áhuga á að fá Harrison til æfinga. Guðmundur spurði Þór af hverju við ættum að geta notað hann ef Höttur gæti það ekki, svaraði Þór því til að þeir væru komnir með fullmótaðan hóp fyrir sumarið. Harrison mætti á æfingu hjá Njarðvík þann 14. apríl. Þjálfari Njarðvíkur taldi Harrison gæti styrkt leikmannahópinn og hafði áhuga að fá hann til liðs við félagið. Það var því úr að formaður Knattspyrnudeilda Njarðvíkur náði samkomulagi við Harrison að leika með Njarðvík í sumar.*

Stjórn Knattspyrnudeilda Njarðvíkur var kunnugt um að það gæti tekið tíma að fá leyfi fyrir leikmanninn frá USA en markmið stjórnarinnar var að ná því fyrir lokun félagsskiptagluggans 15. maí. Stjórnin var meðvituð um að hugsanlega gæti leikmaðurinn misst af einum leik eða tveimur í upphafi móts. Umsjón, samskipti og útvegun gagna var í höndum Jóns Einarssonar formanns og Leifs Gunnlaugssonar framkvæmdastjóra deildarinnar.

Vinna hófst strax við að afla gagna og naut stjórn deildarinnar aðstoðar frá forsvarsmönnum úr körfuknattteiksdeildunum í Reykjanesbæ sem hafa áralanga þekkingu á að fá leikmenn frá USA. Framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar sendi til KSÍ félagsskiptablað og var með því óskað var eftir félagsskiptum fyrir leikmanninn þann 18. apríl.

Föstudaginn 22. apríl fékk Njarðvík keppnisleyfi sem sem tók gildi frá laugardeginum 23. apríl, sent til félagsins frá skrifstofu KSÍ.

Þar sem ekki var búið að fá dvalarleyfi fyrir Harrison hafði þjálfari meistaraflokks samband við skrifstofu KSÍ og ræddi við Hauk Hinriksson lögfræðing hvers vegna umrætt keppnisleyfi hafi verið gefið út án þess að önnur leyfi væru til staðar. Haukur bað Guðmund að vera í sambandi daginn eftir. Þegar Guðmundur hafði samband daginn eftir og var þá Þorvaldur Ingimundarson starfsmaður KSÍ fyrir svörum. Gaf hann þau svör að að keppnisleyfið hafi verið gefið út vegna mistaka hjá KSÍ, það væru mistök KSÍ og að keppnisleyfið yrði ekki afturkallað, þar sem mistökin lægju hjá KSÍ.

Harrison lék sinn fyrsta leik með okkur æfingaleik sunnudaginn 24. apríl og svo sinn fyrsta mótsleik gegn Kára á Akranesi í Borgunarbikarnum laugardaginn 30. apríl.

Eftir samtöl við starfsmenn Útlendingastofnun þar sem öll gögn áttu að vera til staðar klár var ákveðið að senda Harrison úr landi meðan umsókn hans var tekin fyrir eins og reglur kveða á um. Hann fór úr landi miðvikudaginn 4. maí og skilað framkvæmda-stjóri deildarinnar brottfaraspjald hans þá strax um morgunin á skrifstofu UTL. Formanni knattspyrnudeildar var tjáð að félagið fengi svör á föstudeginum, þar sem fimmtudagurinn bar upp á almennan frídag uppstigningardag.

Á téðum föstudagi fór formaður deildarinnar í UTL, enda hafði honum verið tjáð að hægt væri að afgreiða málið. Í ljós kom að lokað var á skrifstofu Útlendingastofnun föstudaginn 6. maí vegna svo kallaðs starfsdags hjá stofnuninni. Ekki hafði forsvarsmönnum knattspyrnudeildar verið gefinn fyrirvari á þessum starfsdegi, og hafði hann hvergi verið auglýstur fyrirfram. Harrison kom aftur til landsins seinnipart föstudagins.

Harrison ferðaðist með Njarðvíkurliðinu austur á Egilsstaði á laugardagsmorgunin 7. maí og tók þátt í leik liðsins við Hött. Eftir helgina var áfram haldið vinnu við að fá leyfi fyrir Harrison og þá kom í ljós að gögn voru ekki nægjanleg að mati stofnunarinnar. Var farið í að bæta úr því strax. Harrison lék með Njarðvík gegn ÍR föstudaginn 13. maí á Íslandsmótinu, en var varamaður í leik gegn Selfoss í Borgunarbikarnum þriðjudaginn 10. maí.

Öll leyfi vegna Harrison frá UTS og Vinnumálastofun hafa nú verið gefin út, er leikmaður kominn með tilskilin leyfi”.

Þann 22. júní sl., barst Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ frá kærða dvalarleyfisskíteini fyrir Harrison Hanley útgefið af Útlendingastofnun þann 2. maí 2016.

IV.

Málsástæður og lagarök:

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hefur ákveðið með vísan til gr. 7.5 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál að mál þetta skuli flutt skriflega.

Í greinargerð kæranda segir m.a.: „*Í grein 19.7 í reglum nr. 12/2015 um Félagaskipti, samninga, stöðu leikmanna og félaga frá 2007 með síðari breytingum sem gilda fram að 16. maí n.k. segir:*

Við félagaskipti leikmanns úr erlendu félagi í íslenskt félag skal senda skrifstofu KSÍ tilkynningu um félagaskipti. Sé um að ræða erlendan leikmann frá öðrum löndum en innan EES, Grænlandi og Færeyjum skal tilkynningunni fylgja staðfesting frá Útlendingastofnun og/eða Vinnumálastofnun á dvalar- og atvinnuleyfi leikmannsins á Íslandi. Tilkynningar um félagaskipti erlendra leikmanna utan þess svæðis en að ofan greinir eru ekki teknar til greina nema umrædd staðfesting liggi fyrir. Í kjölfar þess óskar KSÍ eftir alþjóðlegu flutningsskírteini frá knattspyrnusambandi erlenda félagsins. Þá skal íslenska félagið greiða skrásetningargjald.

Af ákvæði þessu leiðir, að KSÍ átti ekki að gefa út keppnisleyfi fyrir Harrison Hanley fyrr en staðfesting hefði verið lägð fram frá Útlendingastofnun og/eða Vinnumálastofnun á dvalar- og atvinnuleyfi leikmannsins. Munnlega hefur verið viðurkennt gagnvart kæranda að KSÍ hafi gert mistök með útgáfu leyfisins, en ekkert skjalfest liggur fyrir um ástæðu þess að það var gefið út. Nauðsynlegt er undir rekstri málsins að afla upplýsing og skýringa frá skrifstofu KSÍ á þessu háttalagi og er hér lagt upp með að það verði gert í formi skýrslutöku af þeim starfsmanni KSÍ sem með málið fór, enda verði um munnlegan flutning að ræða á máli þessu.

Í sömu reglum er ákvæði þess efnis að félag verði ekki gert ábyrgt á mistökum KSÍ, sbr. ákvæði 3.4. Vera má að sú regla sé eðlileg og sanngjörn þegar þannig háttar, að ekki sé hægt að ætlast til þess af féluginu að það viti af mistökunum. Að það sé í góðri trú. Í þessu tilviki voru hvorki leikmaðurinn né félagið í góðri trú. Kærði vissi mætavel, að keppnisleyfi átti ekki að afgreiða fyrr en dvalar- og atvinnuleyfi væru útgefin. Kærði vissi því, að keppnisleyfið var útgefið fyrir mistök. Það var því rangt af kærða að hagnýta sér þessi mistök, gegn betri vitund, og láta leikmanninn spila umræddan leik. Að mati kæranda gekk þessi háttsemi kærða þannig gegn skyldum sem á aðildarfélögum KSÍ hvíla, um að sjá til þess að leikmenn, þjálfarar, dómarar og forystumenn innan vébanda félagsins virði lög, reglugerðir, reglur og ákvæðanir KSÍ, UEFA eða FIFA, sbr. grein 5.3. Í lögum KSÍ. Þá er sjálfstætt byggt á því að lög KSÍ gangi framar reglugerðum og reglum KSÍ og því sé ekki unnt með reglum að breyta inntaki skyldna sem lagðar eru á félög KSÍ í lögum félagsins. Telur kærandi að túlka verði ákvæði 3.4. í reglum 12/2015 með hliðsjón af þeirri ríku grunnreglu íþróttastarfs að slíkt starf skuli einkennast af heiðarleika og drengskap, sbr. hér til hliðsjónar grein 63.1 í lögum ÍSÍ og þá einkum grein 63.2 en þar segir:

Leiki einhver vafi á um gildissvið eða túlkun laga ÍSÍ eða gæti misræmis í ákvæðum þeirra við Ólympíusáttmálann, sem í gildi er á hverjum tíma, skal farið eftir Ólympíusáttmálanum um öll atriði sem hann nær yfir.

Hér er byggt á því að sama túlkunarregla gildi um allar réttarheimildir íþróttahreyfingarinnar sem starfar á grundvelli laga ÍSÍ”.

Þá segir í greinargerð kæranda: „Það skiptir því máli hvort kærði var í góðri eða vondri trú. Það hefði verið í anda ólympíuhugsjónarinnar, sem allt skipulagt íþróttastarf innan vébanda ÍSÍ – og þar með KSÍ – starfar eftir, að breyta rétt og bíða með að nota leikmanninn þar til vitað var að hann fullnægði reglum KSÍ fyrir hlutengi. Eða í það minnsta að vekja athygli KSÍ á umræddum mistökum og ganga úr skugga um að þau væru ekki mistök!

Af þessu leiðir að mati kæranda, að leggja ber til grundvallar að umræddur leikmaður hafi verið óhlutengur og því hafi lið Njarðvíkur verið ólöglega skipað í umræddum leik.

Í V. kafla reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót nr. 3/2016 segir í 40. gr.:

Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða”.

Varðandi framkomið dvalarleyfisskírteini telur kærandi það enga þýðingu hafa við úrlausn máls þessa og telur dvalarleyfið hafa verið gefið út með afturvirkum hætti.

Í greinargerð kærða segir um ágreiningsefnið og málsástæður m.a.: „Mánudaginn 16. maí hafði framkvæmdastjóri KSÍ samband við framkvæmdastjóra knattspyrnudeilda og tjáði honum frá kæru Hattar og fengum við hana síðan í tölvupósti seinnipart mánudagins.

Framkvæmdastjóri KSÍ sagðist afturkalla keppnisleyfi Harrison þar sem þessi kæra væri komin fram.

Knattspyrnudeild UMFN vísum kröfum og álíti Hattar alfarið á bug. Félagið var með í höndum keppnisleyfi útgefið að KSÍ í fullu gildi og engin hafði gert athugasemdir við það. Þar með hefur Knattspyrnudeild Njarðvíkur ekkert brotið af sér og félagið í fullum rétti að tefla umræddum leikmanni fram, enda tefli Njarðvík umræddum leikmanni fram í góðri trú, eftir að hafa átt í samskiptum við KSÍ og verið tjáð að leyfið yrði ekki afturkallað, þar sem um mistök KSI væri að ræða.

Knattspyrnuleikir eiga að vinnast á knattspyrnuvöllum en ekki með kærum.” Þá vísar Knattspyrnudeild UMFN í eftirfarandi REGLUGERÐ KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga:

„3.4. KSÍ getur afturkallað keppnisleyfi ef mistök eða rangfærslur hafa leitt til þess að það var gefið út. Í slíku tilfelli flyst leikmaðurinn í sitt fyrra félag. Mistök KSÍ við útgáfu keppnisleyfis geta með engum hætti orðið til þess að félag verði gert ábyrgt vegna slíkra mistaka og leiða ekki til óhlutengnis viðkomandi leikmanns á því tímabili sem hann lék með nýju félagi.

Þessi reglugerð er skýr. Ekki verður um villst að a) Njarðvík tefli fram leikmanni í góðri trú, b) Njarðvík getur ekki verið gert að blóraböggli fyrir mistök sem það átti ekki sök á”.

V.

Niðurstaða:

Í máli þessu er kæruefnið hvort hið kærða félag Njarðvík, hafi verið ólöglega skipað í leik liðsins gegn Hetti þann 7. maí 2016 í leik í 2. deild meistaraflokks karla, Íslandsmóti.

Fyrir liggur í gögnum málsins að lið Njarðvíkur notað leikmann nr. 11, Harrison Hanley en leikmaðurinn hafði fengið leikheimild hér á landi þann 23. apríl 2016.

Í gr. 3.4 í reglugerð KSÍ nr. 12/2016 um Félagaskipti, samninga, stöðu leikmanna og félaga, sem gildir frá 16. maí 2016 (en samhljóða ákvæði var í eldri reglugerð) segir:

„Mistök KSÍ við útgáfu keppnisleyfis geta með engum hætti orðið til þess að félag verði gert ábyrgt vegna slíkra mistaka og leiða ekki til óhlutengis viðkomandi leikmanns á því tímabili sem hann lék með nýju félagi.

Hér um að ræða fortakslaust ákvæði, sem gildir án frekari skilyrða, ef mistök hafa átt sér stað hjá leyfisveitanda þ.e. KSÍ. Þá verður ekki hjá því komist við ákvörðun í kærumáli þessu að líta til þess að kærði lagði fram þann 22. júní sl., dvalarleyfisskíteini fyrir Harrison Hanley útgefið af Útlendingastofnun þann 2. maí 2016, þ.e. 5 dögum fyrir hinn kærða leik, þrátt fyrir mótmæli kæranda um að um sé að ræða skjal sem hafi verið útgefið með afturvirkum hætti.

Verður því að hafna kröfu kæranda um að breyta úrslitum í umræddum leik málsaðila. Úrslit í leik Hattar og Njarðvíkur sem fram fór í 2. deild í Íslandsmóti karla á Fellavelli laugardaginn 7. maí 2016 skulu standa óbreytt þ.e. 0-1 Njarðvík í vil.

VI.

Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Hattar og Njarðvíkur sem fram fór í 2. deild í Íslandsmóti karla á Fellavelli laugardaginn 7. maí 2016 skulu standa óbreytt þ.e. 0-1 Njarðvík í vil.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja málí til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagará ekki taldir með.

Sigurður I. Halldórsson sign

Gunnar Guðmundsson sign

Helgi R. Magnússon sign